

Ísafjarðarbær,
Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri
Stjórnsýsluhúsinu,
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Ísafjörður 11. maí 2021

Varðar: Friðlýsingu þjóðgarðs á Vestfjörðum og upplýsta umræðu

Vísað er til tillögu umhverfisstofnunar og starfshóps um friðlýsingarskilmála fyrir þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum. Ennfremur til umsagnar Orkubús Vestfjarða (OV) dags. 31.12. 2020, um áform um friðlýsingu á sunnanverðum Vestfjörðum, en umsögnin fylgir hér í viðhengi. Lítil umræða hefur átt sér stað um framkomin drög að friðlýsingarskilmálum væntanlegs þjóðgarðs og vill OV með bréfi þessu vekja athygli á að samkvæmt skilmálunum er engin orkunýting leyfð auk þess sem óbreytt staða flutningskerfisins er fest í sessi.

Þá skal tekið fram að Orkubúið vinnur nú að umsögn um sjálfa tillöguna að friðlýsingu sem lögð hefur verið fram um stofnun þjóðgarðs á Vestfjörðum, en umsögnum ber að skila fyrir 26. maí nk.

Verulegar athugasemdir gerðar við tillöguna

Orkubú Vestfjarða lítur á það sem skyldu sína að vekja athygli Vestfirðinga á sjónarmiðum um orkuframleiðslu og orkuflutning innan fyrirhugaðra marka þjóðgarðs, enda um verulega hagsmuni fyrir Vestfirðinga að ræða. Nauðsynlegt er að tiltaka í friðlýsingarskilmálunum að orkunýting sé heimil, t.d. innan Vatnsfjarðar, til að uppfylla skilyrði í 3 málsgrein 3.gr. L. 48/2011 um verndar- og nýtingaáætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða.

Samkvæmt þeim drögum að friðlýsingarskilmálum sem liggja fyrir, þá er það eitt af markmiðum friðlýsingarinnar að „vernda alla árfarvegi“. Græn orkuframleiðsla í formi vatnsaflsvirkjana er því bönnuð.

OV gerir verulegar athugasemdir við þá tillögu að friðlýsingarskilmálum sem liggur fyrir og verða þær athugasemdir raktar nánar hér í bréfinu.

Tillagan gengur í berhögg við stefnur og samninga

Óbreytt tillaga virðist ganga í berhögg við yfirlýsta stefnu stjórnvalda sem fram kemur í þingsályktun frá 2018. Ennfremur virðist hún ganga gegn ályktunum sveitarfélaga frá því í febrúar á þessu ári. Þá er hún ekki í samræmi við undirritað samkomulag ríkissjóðs við RARIK, sem undirritað var við afhendingu jarðarinnar Dynjanda til ríkisins árið 2019. Þá virðist tillagan fremur ganga gegn loftslagsmarkmiðum stjórnvalda en vinna með þeim.

Orkuflutningur – yfirlýst stefna stjórnvalda í þingsályktun

Í friðlýsingartillögunni er viðhald og þjónusta við núverandi raflínur heimiluð. Þær flutningslínur sem viðhald er heimilað á eru aðalflutningslínur raforku fyrir 89% Vestfirðinga. Þar sem línurnar eru byggðar fyrir 1980 er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir því að þær þarfnist endurnýjunar, hugsanlega með nýrri hönnun í takt við tímann, á næstu árum eða áratugum.

Ekkert er minnst á frekari uppbyggingu raforkukerfisins t.d. tvöföldun flutningslína í friðlýsingartillögunni og er rétt í því sambandi að minna á samþykka þingsályktunartillögu frá 148. Löggjafarþingi 2017-2018.

Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku

Þar segir:

*„Styrking og uppbygging á flutningskerfinu skal miða að því að auka afhendingaröryggi raforku á landsvísu með sérstakri áherslu á þau landsvæði sem búa við skert orkuöryggi. Þá skulu möguleikar til fjölbreyttrar atvinnusköpunar á landsvísu hafðir að leiðarljósi við uppbygginguna. **Allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu skulu árið 2030 vera komnir með tengingu sem tryggir að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum hlutum flutningskerfisins skulu árið 2040 vera komnir með tengingu sem tryggir að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Fram að þeim tíma skal leitast við að tryggja afhendingaröryggi fyrir svæðisbundin flutningskerfi með afli innan svæðis.**“*

Ókleyft verður að tvöfalda flutningslínur

Það er mat Orkubús Vestfjarða að ókleyft verði að tvöfalda flutningslínurnar innan friðlýsingarsvæðisins gangi áformin eftir óbreytt. Þá verður einnig ókleyft að byggja upp öflugri línur í stað þeirra rúmlega 40 ára gömlu flutningslína sem fyrir eru þar sem friðlýsingarskilmálarnir leyfa slíkt ekki. Útilokað verður að vera með tvöfalda tengingu við afhendingarstað Landsnets í Mjólka, en afhendingarstaðurinn hefur gjarnan verið nefndur hjartað í raforkukerfi Vestfjarða.

Orkubú Vestfjarða hefur því miður ekki fengið aðgang að upplýsingum um hvaða athugasemdir voru gerðar við „áform um friðlýsingu“ fyrir tilskilinn tíma 31.12. 2020, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Ætla má að þær athugasemdir væru upplýsandi fyrir almenning, sveitarstjórnir, og fyrirtæki á Vestfjörðum. OV hafði gert ráð fyrir að allar umsagnir í svo mikilvægu máli yrðu í ferlinu gerðar opinberar sem fyrst, til að tryggja upplýsta umræðu á meðal almennings. Umsagnir sem sendar voru inn fyrir meira en fjórum mánuðum hafa þó ekki verið birtar ennþá og ómögulegt virðist vera að fá að þeim aðgang. OV bauð jafnframt í umsögn sinni upp á kynningu á orkunýtingarmöguleikum á svæðinu, en það boð hefur ekki verið þegið.

Orkunýting - hvað heimilar tillagan og hvað ekki

Ekkert er minnst á mögulega orkuvinnslu í tillögunum. Innan friðlýsingarsvæðisins, t.d. í Vatnsfirði, eru a.m.k. þrjár möguleikar á orkuvinnslu, samtals 20 til 30 MW sem myndu, ef þeir væru nýttir, gjörbreyta raforkuöryggi á Vestfjörðum auk þess að hafa veruleg áhrif á uppbyggingarmöguleika og mögulega nýsköpun í vestfirsku atvinnulífi.

Til að fyrirbyggja allan misskilning þá væri hægt að fara í framangreinda orkunýtingu án þess að hreyfa á nokkurn hátt við vatnasviði Dynjanda, sem líta verður á sem grundvöll eða útgangspunkt í umræðunni um verndun.

Umræðan, orkuskiptin og loftslagsmálin

Orkubú Vestfjarða vill hvetja til opinnar umræðu um friðlýsingu á sunnanverðum Vestfjörðum.

Miklir hagsmunir Vestfirðinga sem snúa að orkunýtingu, orkuflutningi og dreifingu tengjast umræddri friðlýsingu og því er það mikið hagsmunamál fyrir íbúa og atvinnulíf á Vestfjörðum að hægt sé að samræma áform um friðlýsingu þeim hagsmunum.

Samræming friðlýsingar við orkuframleiðslu og -flutning snýst m.a. um að hægt sé að efla atvinnulíf og íbúapróun á Vestfjörðum ásamt því að tryggja afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum til næstu áratuga. Síðast en ekki síst snýst málið um möguleika Vestfirðinga til að vinna með orkuskiptum á landi og á sjó og leggja þannig sitt af mörkum í loftslagsmálum.

Verkefni samstarfshóps um þjóðgarð og áherslur

Í fyrstu fundargerð samstarfshóps um þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum sem kom saman þann 8. október 2020, kemur fram að bæjarstjórar Ísafjarðabæjar og Vesturbyggðar sitja í hópnum f.h. sveitarfélaganna og áttu því sveitarfélögin tvo fulltrúa af átta fulltrúum í hópnum. Í hópnum sitja

jafnframt tveir fulltrúar f.h. Umhverfisstofnunar, einn fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, einn fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og einn fulltrúi forsætisráðuneytisins ásamt fulltrúa Landgræðslusjóðs.

Það vekur athygli að enginn fulltrúi er frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í hópnum, sem er umhugsunarvert, eftir á að hyggja, en bendir til að huga hefði mátt betur að fleiri sjónarmiðum sem nauðsynlegt er að taka til umræðu við ákvarðanir um friðun, s.s. sjónarmiðum um orkunýtingu og flutning raforku.

Eðlilegt er að horft sé til laga um verndar og orkunýtingaráætlun en í 1.gr. laganna sem eru nr. 48 frá 16 maí 2011 er markmiðið orðað þannig:

„Markmið laga þessara er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“

Á fyrsta fundi samstarfsnefndarinnar 8. 10. 2020, var bókað:

„Rætt var um mikilvægi þess að kynna málið mjög vel og kalla eftir athugasemdum um áform um þjóðgarð. Útskýra þyrfti vel hvað þjóðgarður þýddi þegar áform færu í kynningu. Einnig var lögð áhersla á að ræða mögulegan þjóðgarð með tilliti til ýmissa framkvæmda s.s. samgöngumála og flutningskerfi raforku, þar sem þetta væru áherslumál á Vestfjörðum.“ (leturbreyting EJ)

Strax á fyrsta fundi er ljóst að fulltrúar sveitarfélaganna hafa bent á nauðsyn þess að tekið sé tillit til innviðauppbyggingar á svæðinu í allri umfjöllun um friðun. Það kemur ekki á óvart í ljósi þess að orkumál hafa verið eitt þeirra mála sem hafa verið efst á baugi varðandi hagsmuni Vestfirðinga í áratugi. Því má ætla að ástæða sé til að staldra við áður en tekin er ákvörðun sem mun hafa mjög veruleg áhrif á möguleika til að bæta innviði vegna orkuflutninga og orkuvinnslu á Vestfjörðum, ef svo fer sem horfir.

Ekkert tillit hefur verið tekið til ábendinga

Skemmst er frá því að segja að ekki verður séð að neitt tillit hafi verið tekið til ábendinga OV hvað varðar orkuflutning og orkuframleiðslu við gerð tillögu um friðlýsingu. Ómögulegt er að sjá hvort tekið hefur verið tillit til annarra ábendinga, enda hafa þær hvergi verið kynntar.

Samkomulag ríkisins frá 16. September 2019

Ekki er heldur hægt að greina það í tillögunni að tekið hafi verið tillit til samkomulags á milli Ríkissjóðs Íslands og RARIK sem undirritað var við afhendingu RARIK á jörðinni Dynjanda til ríkisins. Í 3. gr. segir m.a.:

„Í friðlýsingarskilmálum svæðisins við Dynjanda verður tryggt að núverandi raflínur sem liggja um land jarðarinnar geti staðið þar áfram með eðlilegri endurnýjun og eftir atvikum að unnt verði að leggja nýjar raflínur til að styrkja innviði raforkuflutnings og -dreifingar á Vestfjörðum enda verði farið að almennum lögum sem gilda um slíkar framkvæmdir, s.s. lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.“

Hér er það auðvitað lykilatriði hvað telst eðlileg endurnýjun og hvað þýðir það að „unnt verði að leggja nýjar raflínur til að styrkja innviði raforkuflutnings og -dreifingar á Vestfjörðum..“

Ætlun gefanda jarðarinnar RARIK með undirritun samkomulagsins verður ekki misskilin og ekki er hægt að gera ráð fyrir öðru en að ríkið muni uppfylla þetta nýgerða samkomulag. Af þeirri ástæðu einni saman verður að gera ráð fyrir að friðlýsingarskilmálunum verði breytt.

Bókanir sveitarfélaga í febrúar 2021 eru með orkunýtingu innan þjóðgarðs

Bæði Ísafjarðarbær og Vesturbyggð hafa bókað um orkunýtingu og orkuflutning innan væntanlegs þjóðgarðs. Þar kemur glögglega fram að hugur sveitarstjórnarmanna er almennt með friðlýsingu sem þó heimilar orkunýtingu og flutning raforku innan marka hans. Bókanir sveitarfélaganna eru samhljóða hvað þetta varðar:

Úr bókun Ísafjarðarbær 18. febrúar 2021 og bókun Vesturbyggðar 17. febrúar 2021:

„Við áframhaldandi undirbúning fyrir stofnun þjóðgarðsins leggur bæjarstjórn áherslu á að gætt verði að nauðsynlegri innviðaupbyggingu innan marka þjóðgarðsins. Þá verði ekki settar íþyngjandi takmarkanir við framtíðarorkuöflun innan marka þjóðgarðsins, viðhald og endurnýjun raflína og orkumannvirkja verði ekki takmörkuð sem og uppbygging samgöngumannvirkja, m.a. á Dynjandisheiði.“

Breytingartillaga við friðlýsingarskilmálana getur leyst málið

Breytingar á tillögunni um friðlýsingarskilmála eða aðlögun marka svæðisins geta hæglega leyst þá agnúa sem hér hafa verið raktir þannig að málin leysist farsælega. Friðlýsingarskilmálar sem tækju tillit til nauðsynlegra innviða vegna orkuflutnings og vegna orkunýtingar innan Vatnsfjarðar væru einmitt í samræmi við samþykktir sveitarfélaga og stefnur og samninga stjórnvalda.


Virkjun á þessu svæði mundi jafnframt auka verulega möguleikana á lagningu jarðstrengja í flutningskerfinu á háu spennustigi í stað loftlína. Eðlilegt væri því að tiltaka í friðlýsingarskilmálunum að heimilt væri að leggja jarðstrengi í stað loftlína. Þá er í drögunum ekkert minnst á jarðhitanýtingu sem er þó nýttur innan svæðisins í dag.

Friðlýsingarskilmálar leyfi orkunýtingu og orkuflutning

Í bókunum sveitarfélaganna, Ísafjarðarbæjar og Vesturbyggðar kemur skýrt fram að vilji þeirra er að hægt verði að nýta orkuvinnslumöguleika innan þess svæðis sem áformað er að þjóðgarðurinn nái til auk þess sem hægt sé að tvöfalda flutningslínur raforku. Það hlýtur að skiljast þannig að friðlýsingarskilmálarnir eigi beinlínis að heimila orkunýtingu innan svæðisins en þeir lúti að sjálfsögðu þeim lögum og reglum sem almennt gilda um uppbyggingu mannvirkja til orkunýtingar og orkuflutnings.

Orkubú Vestfjarða vonast til þess að þetta bréf megi verða til þess að opna umræðuna um friðlýsingarskilmálana, sem óbreyttir munu beinlínis vinna gegn yfirlýstri stefnu stjórnvalda varðandi orkuflutning og afhendingaröryggi raforku og nýlegum yfirlýsingum sveitarfélaga varðandi þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum.

F.h. Orkubús Vestfjarða ohf



Elías Jónatansson, orkubússtjóri

Hjálagt: Umsögn Orkubús Vestfjarða til umhverfisstofnunar þ.31. desember 2020

Samrit: Sent á sveitarfélög á Vestfjörðum